



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur dags: 4. apríl 2023 kl. 18:00.

Staður: Samskipahöllin í Kópavogi

Mættir: Sverrir Einarsson formaður, Pétur Örn Sverrisson varaformaður, Kolfinna Guðmundsdóttir gjaldkeri, Jenny Elisabet Eriksson ritari, Gunnar Már Þórðarson, Sigríður Eiríksdóttir og Lilja Sigurðardóttir framkvæmdastjóri. Margrét Tómasdóttir er með á fundinum símleiðis.

Dagskrá:

1. Formaður setur fund.
2. Dymbilvikusýning. 19 atriði á dagskrá. Lilja kaupir páskaegg handa þeim sem taka þátt úr hinum félögunum eins og venjan hefur verið.
3. Þordís Anna, yfirþjálfari Sprettis, hefði samband við Lilju varðandi þrauta- og leikjadaginn. Hann verður færður til sumardagsins fyrsta og verður auglýstur.
4. Formaður hefur fengið erindi varðandi stigagjöfina sem er notuð við íþróttamann/konu Sprettis. Þordís Anna ætlar að skoða þetta og svo leggja til breytingar og kynna fyrir stjórn ef það á við.
5. Umræður um Landsmót. Kópavogsbær sendi bréf á formann þar sem tilkynnt var að svarað verður eftir páska varðandi stuðning við Landsmót. Rætt var einnig um bréf sem barst frá LH þar sem þeir biðja um upplýsingar um gang mála. LH biður um fund eftir páska. Bréfinu verður svarað með þeim upplýsingum sem liggja fyrir.

Rætt var um almenna félagsfundinn sem verður haldin 13. apríl um LM.

Ekki meira rætt. Fundi slitið kl 19:30.

Jenny Elisabet Eriksson ritaði fundargerðina.